

Fundur 20.3.2023 Katrín Jónsdóttir bóndakona frá 17. öld.

Góða kvöldið, heilsa ég ykkur, komið þið sælir.

*Góða kvöldið og velkomin.*

Íslendingur, hef ég ekki áður komið á ykkar fund og komið þið sælir, það er vilji minn að hjálpa sem flestum og hef ég sinnt því á þessum framlífshnetti og öðrum framlífshnöttum og ég komst ekki að því fyrr en ég hafði farið á nokkra hnetti að ég hef mestan áhuga á því að hjálpa öðrum.

Og er ég nú stökk á hnetti þar sem við förum í hjálparleiðangra á myrkurhlið hnattarins og er það gefandi mjög að upplifa það að vel er tekið á móti og þörfin mikil fyrir hjálpina.

Og hefur það tekið mig mörg æfiskeið að öðlast þá orku og þroska að geta skipulagt slíkar ferðir og tekið þátt í þeim með öðrum þar sem þær taka mikla orku og mörg óhöpp verða á leiðinni og firnamargar hættur sem maður lendir í.

Þannig að maður verður að vera undirbúinn á mörgum sviðum til að það heppnist.

Og það er svo margt sem ég vildi segja og það er svo stuttur tíminn, ég hef lifað mörg æfiskeið og hef frá ýmsu að segja en verð að einskorða mig við fáein atriði.

Hef ég nú áhyggjur af því að íslenska þjóðin geti lent í vandræðum í sambandi við innflutning á útlendingum og minnir það mig á framlífsjörð sem ég tilheyrði eitt sinn og hafði ég þá nýlega komist af verri jörð og spilltist þar margt vegna ýmisskonar vandamála sem urðu til vegna ólíkra einstaklinga og menningar þeirra.

Það vill þannig til að ég á ýmsa afkomendur á meðal ykkar, suma fjarskylda og aðra meðskyldari og heiti ég að fornaðni og einn fjarskyldur ættingi minn sem nú gegnir hárrí stöðu meðal ykkar.

Og var ég þó aðeins óbreytt bóndakona og lifði mjög fábrotnu lífi á jörðinni gömlu og lifði ég ekki mjög lengi en hef ég lifað mun lengri æfiskeið í framlífi og þroskast meira.

Og hef ég þar fundið áhugann til að hjálpa öðrum. Það var í þriðju jarðvist minni sem ég upplifði þær aðstæður að mikill uppgangur var á efnahagssviðinu og tækniþróunin örugg og bjartsýnin mikil og þjóðarinnar ólíkar sem byggðu þann hnött.

Og vorum við í deiglu umbreytinga og framfara ásamt nokkrum öðrum þjóðum þess hnattar, en fór það ekki betur en svo að úr varð mikið hrun og áttum við í þeim erfiðleikum um nokkura áratuga skeið, og er ég fór af þeim hnetti hafði ég öðlast þroska og var ekki búið að leysa úr öllum þeim vandamálum.

Er ég ættuð úr Austur Skaftafellssýslu, bóndakona sem uppi var á sautjandu öld.

Nafn mitt er Katrín Jónsdóttir og er saga mín kannski ekki ólík sögu margra annarra en það er von mín að ég geti sent núlifandi Íslendingum hugskeyti og orku og vitmagnan og komið þeim á rétta leið að þeir megi læra af reynslu minni.

Og hef ég skynjað að afkomandi minn langt aftur í ættir sem gegnir nú valdamesta embætti þjóðarinnar megi athuga þar ýmis mál betur og taka betri ákvarðanir.

Og ætla ég nú ekki að hafa þetta mikið lengra, gæti ég sagt frá mörgu öðru en það virðist ekki tækifæri til þess að sinni, orkan fer dvínandi.

Viljum við senda ykkur bestu kveðjur og kærleiks kveðjur úr framlífi.

*Má ég spurja þig einnar spurningar?*

Já.

*Hvaðan nokkurn veginn í Skaftafellssýslu áttir þú heima, getur þú sagt okkur nánar um það?*

*Svona í Öræfum eða Suðursveiti eða hvar?*

*Já í Suðursveitinni.*

*Þú getur ekki nefnt bæinn er það?*

*Nei, ég treysti mér ekki alveg til þess núna. En þú kannast við þig þarna?*

*Já ég geri það.*

*Það voru, nei ekkert í Öræfum en það var nokkuð langt á milli bæja en ekki svo, við vorum ekki, maðurinn minn hafði tengsl við prestinn, okkur var ekki margra barna auðið og dóu þau nokkuð mörg en fengum við aðstoð, góðir nágrannar og presturinn, skyldur manningum mínum.*

*Já það væri gaman að segja frá þessu síðar, en þakka ég fyrir að sinni og verið þið sælir.*

*Vertu sæl.*